

Mál nr. 73/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Vátryggingartaki (X)

Slysaþgufak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 5. febrúar 2024 í starfi sínu hjá X þegar hún var að þrifa baðkar. M hafi stutt sig við baðkar, hönd hennar hafi runnið undan henni og í framhaldinu hafi M fengið sáran verk í bakið og hægri öxl. Í kjölfarið hafi M beðið samstarfskonu og verkstjóra um að ná í hana á slysstað. Í framhaldinu hafi M leitað á bráðamóttöku Landspítala. Í sjúkraskrá komi fram að M hafi við komu verið með sáran verk í hægri öxl og hafi ekki getað hreyft öxlina vegna verkja. Röntgenrannsókn hafi ekki sýnt neitt óeðlilegt en M verið greind með „bicipital tendinitis“ og ávísað verkjalyfjum. M var óvinnufær tímabundið vegna slyssins. Slysíð var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands og V 4. febrúar 2025. V hafi hafnað því að slysíð væri bótaskyld úr slysátryggingu launþega þar sem það taldi að ekki væri um að ræða slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar. Ekki hefði verið um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdið hafi meiðslum á líkama þess sem tryggður væri og gerðist án vilja hans. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

M telur að bótaskylda sé til staðar úr slysátryggingu launþega hjá V. Um sé að ræða slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar sem hafi bæði verið skyndilegt og utanaðkomandi. Til stuðnings afstöðu sinni vísar M til áralangrar dómaframkvæmdar varðandi túlkun hugtaksins slyss. M hafi beygt sig niður og stutt hönd sína við baðkarið, þegar hönd hennar hafi skyndilega runnið undan henni, með þeim afleiðingum að hún fékk verki í bak og hægri öxl. Það liggi því fyrir að líkamstjónið hafi ekki orðið vegna þess að hún hafi verið að þrifa baðkar, heldur af því að hendi hennar hafi runnið af karinu. Þá hafi slysíð gerst án vilja M og valdið meiðslum á líkama hennar. M hafnar fullyrðingum V um að verki í baki og hægri öxl sé að rekja til innra ástands í líkama hennar. Gögn málsins sýni með nægjanlegri vissu að M hafi orðið fyrir meiðslum í vinnu og í kjölfarið verið óvinnufær. Í skráningu frá slysadeild frá slysdegi komi fram að M hafi verið í launaðri vinnu þegar slysíð átti sér stað og um vinnuslys hafi verið að ræða. Þá liggi fyrir óvinnufærnivottorð frá sama degi. Samtímagögn staðfesti að M hafi slasast við vinnu sína. M sé erlend að uppruna og skilji hvorki né tali íslensku. M hafi í eitt skipti m.a. þurft á túlki að halda. Jafnframt bendir M á að X hafi ekki tilkynnt um slysíð til Vinnueftirlitsins líkt og því bar skylda til skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og því hafi engin rannsókn farið fram á því. Af þessum sökum telur M að V verði að bera hallann af skorti á sönnun um atriði sem eru talin óljós. Í ljósi þeirrar skyldu sem hvíldi á X að grafast fyrir um orsakir slyssins verði V að bera hallann af því ef einhver atriði tengd umræddu slysi séu óljós. Í þessu sambandi verði einnig að líta til verulegs aðstöðumunar sem var á milli aðila, en M er starfsmaður af erlendu bergi brotin, sem ekki talar íslensku og varð óvinnufær vegna slyss í starfi sínu hjá X. X sé hins vegar atvinnurekandi og beri skyldur samkvæmt lögum nr. 46/1980. Loks beri að geta að lögmaður M hafi jafnframt farið fram á það við X að slysíð yrði tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands en því hafi verið hafnað.

Í athugasemdum V er byggt á því að ósannað sé að meint atvik sem M kveðst hafa orðið fyrir við vinnu 5. febrúar 2024 hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Samkvæmt bráðasjúkraskrá Landspítala frá 5. febrúar 2024, sé atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „kemur út af verk í við öxl eftir ofáreynslu fyrir 3 dögum“, síðan er tekið fram: „Verkur í hægri öxl, ofáreynsla. Sár verkur í h.öxl án áverka sl. 3 daga. Gerst áður og var þá slæm lengi en ekki skoðað þá.“ Í tveimur vottorðum vegna fjarvista frá vinnu, dags. 5. febrúar 2024 og 13. febrúar 2024, er vottað um óvinnufærni M með öllu vegna sjúkdóms. V byggir á því að samkvæmt lýsingu á atvikinu í frumgögnum máls sé ekki um slys að ræða í skilningi

skilmála. M hafi ekki upplýst vinnuveitanda sinn um hið meinta vinnuslys heldur tilkynnt um veikindi sem samræmist lýsingum í frumgögnum. Í tilkynningum til Sjúkratrygginga Íslands og V komi fram að M hafi fengið hnykk á bak þegar hún studdi sig við baðkar og höndin rann undan henni. Hvergi í lækisfræðilegum gögnum sé að finna samsvarandi lýsingu. V telur að það sé með öllu ósannað að hið meinta vinnuslys hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Frumgögn máls bendi þvert á móti til þess að M hafi fengið verk í öxl vegna ofáreynslu og án áverka þann 2. febrúar 2024. Síðari tíma skýringar, sem fá ekki stoð í frumgögnum, séu að mati V ósannaðar. M hafi því orðið fyrir meiðslum á öxl vegna ofáreynslu án áverka.

Í viðbótarathugasemdom M er fyrri afstaða ítrekuðu og framangreindum röksemdum V hafnað. M byggir m.a. á því að færsla lækis í sjúkraskrá sé röng, þ.e. ekki hafi verið um ofáreynslu að ræða heldur slys. M kveðst hafa verið skýr við þann lækni er tók á móti henni að verkina mætti rekja til þess slyss sem hún varð fyrir. M geti ekki borið ábyrgð á því að umræddur læknir hafi ekki skráð í sjúkraskrá að hún hafi orðið fyrir slysi. Læknisheimsókn M á slysdegi hafi ekki tengst þeim verkjum sem hún fór til lækis vegna 2. febrúar 2024. Afar líklegt sé að tungumálaörðugleikar hafi gert það að verkum að skráning í sjúkraskrá hafi orðið með þessum hætti. Þá hafnar M því að X hafi ekki fengið tilkynningu um slysið. M hafi upplýsti næsta yfirmann, Z, um slysið þegar Z náði í M á slysstaðinn. M telur því ljóst að V hafi verið upplýstur um slysið.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir í umrætt sinn teljist vera af völdum slyss í skilningi skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

Í tjónstilkynningum M til V og Sjúkratrygginga Íslands, dags. 4. febrúar 2025, kemur fram að M hafi verið við þrif í heimahúsi á vegum X. Við þrif á baðkari hafi hún stutt sig við karið með þeim afleiðingum að höndin hafi runnið undan henni og við það hafi hún fengið mikinn hnykk á bakið og hafi sig ekki geta hreyft. Í sjúkraskrárfærslu Landspítala frá 5. febrúar 2024 segir „Verkur í hæ öxl, ofáreynsla. Sár verkur í h.öxl án áverka sl. 3 daga. Gerst áður og var þá slæm lengi en ekki skoðað þá.“ Í tveimur lækisvottorðum til atvinnurekanda v/fjarvista frá vinnu, dags. 5. febrúar 2024 og 13. febrúar 2024, kemur fram að óvinnufærni M sé vegna sjúkdóms, ekki vinnuslyss. Samkvæmt sjúkraskrárfærslu 2. apríl 2024 er útbúin sjúkradagpeningabeiðni og í henni segir: “hlaut biceps tendinitis við störf í vinnunni.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að M hafi orðið fyrir slysi 5. febrúar 2024 eins og það er skilgreint í skilmálum slysatryggingar launþega hjá V. Í fyrirliggjandi lækisfræðilegum gögnum er hvergi er minnst á að líkamleg einkenni M sem hún rekur til meints slyss sé að rekja til slyss. Ávallt er talað um sjúkdóm.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir